

Krossnes

Athugasemdir og viðbætur

Athugasemdir þessar og viðbætur voru skráðar eftir Guðmundi Bergssyni, er hann kom á Örnefnastofnun 12. marz 1981.

Á Barnholti [1] átti stundum að heyrast væl fyrir illviðrum og stórtíðindum (t.d. þegar bátsskaðar urðu).

Ekki mátti grafa undir Gullstein [74] í leit að gullinu, sem þar átti að vera fólgið; þá átti bærinn að standa í björtu báli.

Nafnið Gálutröð [8] var jafnan haft í eintölu, en í samsetningum var ýmist sagt Gálutraða- eða Gálutraðar-, þó oftar Gálutraða-.

Biskupssteinn [20] er stærri en aðrir steinar þar í grennd, gæti hugsanlega verið eins og biskupinn yfir þeim.

Í Krummengi [21] myndast mikið af dýjum á vorin, og koma þar upp lifur og smákvikindi. Hrafninn er þar oft að kroppa þetta upp, og gæti engið dregið nafn af því. Tröllakirkja [32] er alveg eins og kirkjuturn í laginu; örmjótt, kemur eins og klukknaport og kross. Hún er ekki ósvipuð nöfnu sinni undir Jökli, en miklu minni.

Stallar [48] eru eins og stétt úr sexstrendingum, en hún sést þó ekki nema um fjöru. Þetta er alveg upp við klettana, bergið stendur eiginlega lóðrétt.

Fótborð [65] er dálítið svipað Stöllum, en berginu sjálfu hallar þar meira, og kominn er stærðar malarkampur fyrir innan Fótborðið vegna hruns úr berginu.

Stólpi [58] er einnig stuðlaberg.

Þar sem bergið byrjar, við Básana, voru kallaðir Hulduklettur [46] (næst Sandvíkinni). Þar átti að vera margt af huldufólki.

Krossnes, aths. og viðb. 2

Örnefnastofnun, 13. marz 1981,

Sigríður Jóhannsdóttir.

[sign.]

Tölusetning á við örnefnauppdrátt.